



STOFN
FASTEIGNASALA

SETUR DIG Í FYRSTA SÆTIÐ



Benedikt Ólafsson
S: 661-7788



Hallveig Jónsdóttir
S: 699-0496



Eggert Mariuson
S: 690-1472



Tinna Bergmann
S: 869-3675



Sveinbjörn Guðlaugsson
S: 848-0783

STOFNFASTEIGNASALA.IS - LYGÁS 11, 210 GARÐABÆR - SÍMI: 511-0900

GARÐAPÓSTURINN

Bæjarblað Garðbæinga frá 1989

Apótek
Garðabæjar

Opið 9-18:30 virka daga
Opið 10-16 á laugardögum

Sími 577 5010
Litlatúni 3 · 210 Gbæ



Arion banki

Frétta- og auglýsingasími 697-4020 - valdimar@gp.is - Vefsíða Garðapóstsins KGP.IS

01. tölublað 36. árgangur. Fimmtudagur 2. janúar 2025







Laxaolía

Styður við heilbrigða húð og feld

FASTEIGNASALAN
TORG

KRAFTUR
TRAUST
ÁRANGUR



Darri Örn
löggiltur fasteignasali
Sími 767-0000



FLATEY
PIZZA NAPOLETANA
Garðatorgi 6. S.568 2666

Lyfjaval
HEILSA & HÁRNINGJA

24/7
OPIÐ

Bílaapótek Lyfjavals
Hæðasmára

Taktu þátt í vali á

íþróttakona og íþróttakarli Garðabæjar












Bæjarbúar geta haft áhrif á hver verður valin íþróttakona og íþróttakarli Garðabæjar

Fimm konur og fimm karlar hafa verið tilnefnd af Íþrótt- og tómstundaráði Garðabæjar (ÍTG) til íþróttakonu og íþróttakarlis Garðabæjar 2024. Almenningsi gefst kostur á að hafa áhrif á kjörið með því að taka þátt í vefkosningu sem stendur yfir til og með 3. janúar 2025 á heimasíðu Garðabæjar. ÍTG mun síðan velja milli þeirra sem tilnefndir eru og styðjast við niðurstöðu vefkosningarinnar við það val. Tilkynnt verður um val á íþróttakonu og íþróttakarli Garðabæjar á íþróttahátíð Garðabæjar sem fram fer sunnudaginn 12. janúar 2025 kl. 13:00 í Miðgarði.

KOMINNTÍMA SKOÐUN?



Verið velkominn með bílinn í skoðun, þið finnið næstu skoðunarstöð á frumherji.is



HAFÍÐ
FISKVERSLUN
- Gæðin skipta máli -

Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi



YUZU HEFUR OPNAÐ Í LITLATÚNI, GARÐABÆ

"SUMIR SEGJA BESTI HAMBORGARI Í HEIMI"




LEMON

MEIRA NÆS - MEIRA GOTT



30% AFSLÁTTUR
MEÐ VILDARKORTI
LINDAR

hjá eftirfarandi fyrirtækjum:














LIND
FASTEIGNASALA

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flügger: 30% afsláttur af allri innimálingu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vídd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmíðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is

Undirbúningur að opnun á Flóttamannaveg er í fullum gangi

- Samgöngur um Urriðaholt
- Garðabær hefur þrýst mjög á Vegagerðina



Undanfarna daga, vikur og kringum hátíðirnar höfum við fundið fyrir auknum umferðarþunga um allt höfuðborgarsvæðið og ekki bætir færðin og eftir atvikum, óhöpp aðstæðurnar.

Góðar samgöngur skipta því miklu máli og vill Garðabær taka það fram að undirbúningur að opnun á Flóttamannaveg er í fullum gangi og bærinn hefur þrýst mjög á Vegagerðina um úrbætur og að þær hefjist sem allra fyrst.

Voru þessi mál meðal annars rædd á íbúfundum í Urriðaholti í október, en frá þeim tíma hefur margt áunnist og áætlun er komin af stað.

Staðan nú er:

1. Opnun út á Flóttamannaveg er í hönnun. Líkur eru á því að fyrst verði opnað út á Urriðaholtstræti og svo Holtsgveg. Einnig er verið að skoða veglínu (það er að segja legu vegarins) til að gera hann öruggari.

2. Undirgöngur verða útbúin undir Flóttamannaveg og að Golfklúbbnum Oddi. Þetta er nú þegar í hönnun og verður framkvæmt, vonandi á fyrstu mánuðum næsta árs.

3. Unnið er að greiningu og skoðun á umferð gangandi vegfarenda sem þvera Flóttamannaveg við Mariuhella og setja á þar undirgöng samkvæmt skipulagi.

4. Unnið er að greiningu og skoðun á umferð gangandi vegfarenda sem þvera Flóttamannaveg við Vífilstaðavatn og setja þar undirgöng samkvæmt skipulagi.

„Við vonumst til þess að geta flutt nánari fréttir á fyrstu mánuðum ársins og viljum semja við Vegagerðina um þessar framkvæmdir. Það er mikilvægt að taka það fram að Garðabær á í góðum samskiptum við viðbragðsaðila og útkallsaðila vegna öryggismála í bænum og ekki síst vegna umferðarþungans á háanna tíma,“ segir í fréttatilkynningu frá Garðabæ.

Sjálfbóðaliðar heiðraðir með gullmerki Stjórnunnar



Þorabóltsnefnd Stjórnunnar til margra ára! F.v. Lúðvík Örn Steinarsson (gullmerkishafi), Loftur Steinar, Hermann, Eyþór, Birgir og Gunnar sem fengu gullmerki ásamt Sigurði Guðmundsson, formanni sem einnig var í þorabóltsnefndinni

Ungmennafélagið Stjarnan heiðraði nokkra af sínum öflugum sjálfbóðaliðum í Stjörnuheimilinu sl. mánudag, en aðalstjórn félagsins stóð þá fyrir léttum viðburði af þessu tilefni, sem er haldin á hverju ári, þar sem sjálfbóðaliðarnir mættu ásamt góðum hópi Stjörnufélags sem samfagnaði þeim.

Sjálfbóðaliðarnir voru verðlaunaðir með gullmerki Stjórnunnar fyrir óeigingjamt og ómetanlegt starf sitt í þágu félagsins í gegnum tíðina, en eins og flestir vita er sjálfbóðaliðar mikilvægir öllum félögum og með þessum verðlaunum vildi Stjarnan þakka fyrir þeirra ómetanlega vinnu sem hefur skipt miklu máli fyrir félagið. „Stjarnan er stolt af þeim sem leggja hönd á plóg fyrir félagið og ég vonast til að þessi viðurkenning hvetji þá og aðra til frekari starfa innan félagsins,“ sagði Sigurður Guðmundsson meðal annars er hann veitti sjálfbóðaliðun-



um gullmerkið, en alls fengu tíu Stjörnufélagar gullmerki að þessu sinni.

Þeir eru eftirfarandi.

Magnús Stephensen – TM mót
Birgir Sigfússon – Þorabóltsnefnd
Gunnar Ingason – Þorabóltsnefnd
Heimir Erlingsson – Þorabóltsnefnd

Loftur Steinar Loftsson – Þorabóltsnefnd
Eyþór Sigfússon – Þorabóltsnefnd
Hermann Arason – Þorabóltsnefnd
Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir – Aðalstjórn og sjálfbóðaliði í fimleikadeild
Helgi Hrnarr Jónsson – Fótþolti
Jóhanna Íris Guðmundsdóttir – Handþolti b&u og sjálfbóðaliði í fimleikadeild.

FRÍMANN & HÁLFDÁN

ÚTFARARÞJÓNUSTA

Frímann 897 2468	Hálfán 898 5765	Ólöf 898 3075	Jón 793 4455

Stapahrauni 5, Hafnarfirði
Sími: 565 9775
www.uth.is - uth@uth.is

Öflugir sjálfbóðaliðar Stjórnunnar! F.v. Jóhanna Íris, Þórdís Björk, Magnús, Helgi Hrnarr og Sigurður Guðmundsson, formaður Stjórnunnar sem veitti viðurkenningarnar

Frestur til að skila inn athugasemdum vegna Arnarlands framlengdur til 20. janúar

Frestur til að skila inn athugasemdum um tillögur að breytingu á aðal- og deiliskipulagi Arnarlands hefur verið framlengdur til 20. janúar.

Haldinn var opinn íbúafundur um nýja tillögu að breytingu á aðal- og deiliskipulagi Arnarlands þann 4. desember. Á fundinum var farið yfir breytingar sem gerðar hafa verið á skipulaginu frá fyrri tillögum.

Í Arnarlandi er áhersla lögð á öflugt og lífligt borgarumhverfi sem styrkir nærumhverfið og bætir lífsgæði þeirra sem búa og starfa á svæðinu sem og í nálægð við það. Þar er gert ráð fyrir blöndu af íbúðum, ýmissi nærþjónustu og heilsuklasa þar sem áhersla er á aðsetur fyrir fjölbreytt fyrirtæki tengd heilsu og hátækni.



Tillögur að breytingu á aðal- og deiliskipulagi Arnarlands eru aðgengilegar á vef Garðabæjar og í skipulagsgátt. Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn

kostur á að senda inn athugasemdir við tillögurnar. Frestur til að skila inn athugasemdum hefur verið framlengdur og rennur út 20. janúar 2025.

HARPA

ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is

Harpa Heimisdóttir 842 0204	Brynja Gunnarsdóttir 821 2045

ILVA

ÚTSÖLUBOMBA

20% AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM VÖRUM

GILDIR AÐEINS ÚT 6.JANÚAR

20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
ÖÐRUM VÖRUM

30-70%
AFSLÁTTUR AF
ÚTSÖLUVÖRUM

GARÐAPÓSTURINN

Útgefandi: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Sími: 697 4020 Netfang: valdimar@gp.is Vefsíða: www.kgp.is
Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

Garðapósturinn kemur næst út fimmtudaginn 9. eða 16. jan.

Síðasti skiladagur föstudaginn 3. janúar
valdimar@gp.is - Sími 697 4020

Garðapósturinn með bæjarbúum í 36 ár - frá 1989

Vefsíða Garðapóstsins er: www.kgp.is

Fylgdu Garðapóstinum á: Facebook, Twitter og Instagram

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS síðan 1996

ALÚÐ VIRÐING
TRAUST REYNSLA

Auðbrekku 1 | 200 Kópavogi | sími: 581 3300 | www.utforin.is

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Andrés Andrésson
S: 662 5339



Jóhanna Eiríks



Guðmundur Örn
Jóhannsson
S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða utforin@utforin.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Fjarðargötu 13-15 | 220 Hafnarfirði | s: 565 5892 | www.utfararstofa.is

K.C. - MÁLUN

kcarter@internet.is
GSM: 691-7979

Kristmundur Carter - Málarameistari

MÁLNING · SPARTSL · VEGGFÓÐUR · FLÍSALÖGN



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Tónleikunum ætlað að blása gestum von í brjóst á nýju ári

Fyrsta Tónlistarnæring ársins miðvikudaginn 8. janúar

Fyrsta Tónlistarnæring ársins fer fram miðvikudaginn 8. janúar klukkan 12.15 í sal Tónlistarskóla Garðabæjar. Þessum fyrstu tónleikum ársins í tónleikaröðinni er ætlað að blása gestum von í brjóst enda gott að byrja nýtt ár á jákvæðum nótum.

Að þessu sinni er það sópransöngkonan Íris Björk Gunnarsdóttir sem flytur tónlist meðal annars eftir Puccini og Gounod ásamt Matthildi Önnu Gísladóttur píanóleikara.

Íris Björk er lýrískur sópran sem er búsett í Osló. Hún er með bakkalágráðu frá



Listaháskóla Íslands, nam eitt ár við Óperuháskólann í Stokkhólm og útskrifaðist með mastersgráðu frá Óperuháskólanum í Osló sumarið 2023.

Íris Björk kom fram í óperugala Óperudaga sem fór fram á Garðatorgi í haust en hún hefur komið fram víða á tónleikum hér á landi m.a. með Sinfóníuhljómsveit Íslands en hefur nú þegar sungið víðsvegar um Noreg og Svíþjóð.

Aðgangur er að venju ókeypis en tónleikarnir eru um 30 mínútna langir.

Aðkoman greið fyrir Garðbæinga að nýrri endurvinnslustöð á Glaðheimasvæðinu

• Lóð stöðvarinnar mun afmarkast af Arnarnesvegi og Reykjanesbraut

Endurvinnslustöð SORPU á Dalvegi 1 í Kópavogi mun loka í september næstkomandi vegna skipulagsbreytinga í Kópavogsdal. Tillaga liggur fyrir um nýja endurvinnslustöð sem byggð yrði á Glaðheimasvæðinu á næstu tveimur til fjórum árum.

„Við í Kópavogi fögnum þessari niðurstöðu. Lykilatriði hjá okkur var að ný stöð yrði vel staðsett með góða tengingu við meginstofnveg. Stöðin verður ívið stærri en sú á Dalveginum og yfirbyggð þannig að hún falli sem best inn í umhverfið. Við teljum að hér sé um að ræða góða lausn sem mun þjóna vel íbúum okkar og nærliggjandi sveitarfélögum,“ segir Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri Kópavogs.

Í árslok 2023 setti stjórn SORPU á fót starfshóp um staðarval fyrir nýja endurvinnslustöð í Kópavogi eða Garðabæ. Þegar hópurinn hóf vinnu sína stóð til að loka endurvinnslustöð SORPU á Dalvegi 1 í september 2024, en því hefur nú verið seinkað til 1. september 2025. Hópurinn hafði meðal annars það hlutverk að greina þörf fyrir stærð og hlutverk nýrrar endurvinnslustöðvar, umferð, og áhrif á nærumhverfi íbúa, fyrirtæki og útivist. Eins voru greindar út frá tímalínu nauðsynlegrar skipulagsbreytingar og breytingar á vegakerfi, sem og hönnun stöðvarinnar. Jafnframt var lögð áhersla á að hægt verði að mynda skjól fyrir veðri á nýjum stað.

Góð aðkoma fyrir Garðbæinga

Tillaga starfshópsins var gerð opinber á fundi bæjarráðs Kópavogs þann 12. desember 2024 og varð Glaðheimasvæðið fyrir valinu sem ákjósanlegasti staðurinn. Lóð stöðvarinnar mun afmarkast af Arnarnesvegi og Reykjanesbraut. Þessi staðsetning var meðal annars valin vegna stærðar lóðarinnar, legu í landi, fjarlægðar frá öðrum endurvinnslustöðvum, skipulagsnærliggjandi byggðar, og því að aðkoma að henni verður greið fyrir íbúa Kópavogs og Garðabæjar.

Stöðin verður ætluð heimilum og áhersla lögð á að áhrif á byggð í nágrenninu verði



sem minnst, til dæmis með góðri hönnun á yfirbyggingu stöðvarinnar og með því að takmarka stærð hennar. Opnunartími mun taka mið af nærumhverfinu og gott flæði umferðar að og frá stöðinni verður tryggt.


Opnun nýrrar stöðvar eftir 2 til 4 ár

Í samantekt starfshóps um staðarval endurvinnslustöðvar í stað stöðvar við Dalveg, sem Björg Fenger, bæjarfulltrúi, sat í f.h. Garðabæjar, kemur fram að lóðin sé á óbyggðum suðurhluta svæðisins

Lóð nýju stöðvarinnar mun afmarkast af Arnarnesvegi og Reykjanesbraut

upp við Arnarnesveg. Miðað er við 4.000 til 4.500 m² lóð sem er nokkur stærra en lóðin við Dalveg. Lauslega áætlað gæti opnun nýrrar stöðvar verið um 2 - 4 árum eftir að ákvörðun er tekin. Vinna þarf nánari tíma- og kostnaðaráætlun fyrir verkefnið.

Þar til nýja stöðin opnar eru íbúar hvattir til að nýta sér endurvinnslustöð SORPU við Breiðhelli í Hafnarfirði.



Þrívíddarmynd af útlit stöðvarinnar á Glaðheimasvæðinu

Vefmiðill Garðapóstsins
www.kgp.is

Facebook.com/Gardaposturinn.is
Twitter.com/Gardapostur · Instagram.com/Gardaposturinn



**HANNES
STEINDÓRSSON**

Löggiltur fasteignasali

Sími **699 5008**

hannes@fastlind.is

Gleðilegt nýtt ár

Ég óska viðskiptavinum sem og landsmönnum
öllum gleðilegs nýs árs og vona svo sannarlega að árið hafi
verið ykkur gjöfult og það næsta verði enn betra.



15 milljónir

Á samfélagsmiðlum eftir samþykkt meirihluta bæjarstjórnar á fjárhagsáætlun ársins 2025 birtust auglýsingar á vegum Garðabæjar. Þar var gert mikið úr lækun meirihlutans á álagningu fasteignaskatts, en hún fer úr 0,163% af fasteignamati í 0,161%.

Í aðdraganda fjárhagsáætlunar var metið að bæjarsjóður fær um 15 milljónum minna í skatttekjur við þessa breytingu miðað við óbreytt ástand.

Í aðdraganda bæjarstjórnarfundarins gerðum við útreikninga og reyndum að átta okkur á því hvaða áhrif þessi lækun álagningar fasteignaskatts hefði á fjölskyldur í bænum. Í fyrsta lagi hefur hún engin áhrif á leigjendur í Garðabæ, það fólk sem jafnan hefur minnst á milli handana. Í öðru lagi þýðir lækun álagningar fasteignaskatts að fólk sem á litlar íbúðir mun ekki njóta þessarar breytingar nema að mjög litlu leyti. Ráðstöfunartekjur fólks sem býr í íbúð sem metin er á 90 milljónir hækka t.d. um 1800 kr. á ársgrundvelli vegna skattalækkunar Sjálfstæðisflokksins, fyrir þau sem eiga íbúð metna á 65 milljónir er upphæðin um 1300 kr. Raunar hefur þessi breyting líka hverfandi áhrif á þau sem búa í stórum húsum. Fyrir fólk sem býr í húsnæði sem metið er á 200 milljónir króna mun lækkunin skila þeim 4000 kr. árlega sem annars hefðu farið í sameiginlega sjóði. Það er því eiginlega með ólík-

indum að verið sé að kosta auglýsingar um þessa litlu breytingu á vegum bæjarins.

En hvernig er best að verja 15 milljónum?

Garðabæjarlistinn lagði fram breytingartilögu við fjárhagsáætlun þar sem lagt var til að í stað þess að lækka þessa skatta um málamyndafjárhæð sem gagnast fólki mjög misvel yrðu hvatapeningar hækkaðir í 65 þúsund á hvert barn í bænum á aldrinum 5-18 ára, í stað þess að hækka þá aðeins úr 55 í 60 þúsund eins og meirihlutinn lagði upp með. Það vill svo til að 5 þúsund króna aukahækkunin sem við lögðum til við afgreiðslu fjárhagsáætlunar hefði kostað bæinum um 15 milljónir.

Áður höfðum við lagt fram tillögu um hækun hvatapeninga í 70 þúsund í haust.

Engin sérstök ástæða var til þess að fjármagna tillöguna, þar sem gert er ráð fyrir töluverðum rekstrarafgangi A-sjóðs á næsta ári, en við gerðum það nú samt. Í breytingartilögu Garðabæjarlistans fólst því að bærin sleppti því að lækka fasteignaskattinn til þess að geta staðið straum af hækun hvatapeninga en skilað sama rekstrarafgangi engu að síður. Við töldum að hér hefðum við mögulega tækifæri til þess að sannfæra meirihluta Sjálfstæðisflokks um að gera betur við fjölskyldur með því að fara millivegin með



Þorbjörg Þorvaldsdóttir

breytingartilögunni hvað varðar upphæð hvatapeninganna og með því að fjármagna hana.

Meirihlutinn felldi tillögur okkar á fundinum.

Hefði meirihlutinn samþykkt þær, hefðu ráðstöfunartekjur fjölskyldu í lítilli íbúð með tvö börn í íþróttum- eða tómstundum hækkað um 10 þúsund kr. á næsta ári. En í staðinn fá þau 1300 króna skattalækkun sem bærinn auglýsir eins og hún sé bylt-ingarkennd.

Stjórnsmál snúast á endanum um forgangsröðun og Garðabæjarlistinn forgangsráðar í þágu fjölskyldna og barna.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir.

Höfundur er oddviti Garðabæjarlistans í bæjarstjórn Garðabæjar.

Lóð Löngufitjar 5 stækkar um 75 m², en lóð Lækjafitjar 6 minnkar um 40m²



Bæjarráð hefur samþykkt að leggja til við bæjarstjórn að samþykka tillögu skipulagsnefndar frá fundi 12. desember 2024 að breytingu á deiliskipulagi Hraunholts eystra, sem nær til lóðanna Lækjarfit 6 og Langafit 5.

Ósamræmi milli þinglýstra gagna og deiliskipulags

Tillagan gerir ráð fyrir að lóð Löngufitjar 5 stækki um 75 m² þ.e. 35 m² af opnu svæði og 40m² af lóð Lækjarfitjar 6. Lóðin Lækja-

fit 6 minnkar því um 40 m². Ástæða tillögunnar er sú að ósamræmi reynist vera milli þinglýstra gagna og deiliskipulags og er markmiðið því að leiðrétta það.

Skipulagsnefnd mat tillöguna sem óverulega breytingu Deiliskipulags Hraunholts eystra og vísaði henni til grenndarkynningar. Grenndarkynna skal íbúum og eigendum Lækjarfitjar 2, 4, 8 og 10 sem og Löngufitjar 7 og 9.

Samið um endurbætur og notkun Klaustursins



Bæjarráð ehfur falið bæjarstjóra að ganga til samninga við E. Sigurðsson ehf. fyrir hönd Setursins ehf um endurbætur og notkun Holtsbúðar 87, Klaustursins.

urbætur og notkun Holtsbúðar 87, Klaustursins, en biðtími og kærufrestur vegna útbóðsins er nú liðinn og hafa aðilar verkefnisins staðfest að þeir standi við framkomu tilboðs.

Á fundinum var lögð fram kynning E. Sigurðssonar ehf. fyrir hönd óstofnaðs einkahlutafélags, Setursins ehf., um end-

Ger er ráð fyrir heilsutengdri starfsemi í húsinu með aðkomu frá Karlbraut.

Flugeldaruslið á réttan stað



Íbúar Garðabæjar eru hvattir til að hjálpast að við að hreinsa upp flugeldarusl og koma því á réttan stað eftir áramótin. Í Garðabæ verða þar til gerðir gámar fyrir flugeldarusl

á fjórum stöðum; við Urriðaholtsskóla, Ásgarð, Hofstaðaskóla og á Álfanesi. Endurvinnslustöðvar SORPU taka líka á móti flugeldarusli, þær opna þann 2. janúar.

eignaumsjon.is



FYRIRMYNDAR
FYRIRTÆKI 2023
Eignaumsjón



Láttu okkur sjá um húsfélagið!

Við erum með yfir 20 ára þekkingu og reynslu í rekstri fjöleignarhúsa.

Þjónustuverið okkar svarar fyrirspurnum hratt og örugglega í síma 585 4800 og á netspjallinu, eða sendið okkur tölvupóst á thjonusta@eignaumsjon.is.

Heyrðu í okkur og við gerum þér tilboð!



• EIGNAumsjón

lykill að öruggum rekstri fasteigna

Suðurlandsbraut 30
Reykjavík | Sími 585 4800





Magic Magnesium

Magnesium Citrate frá New Nordic styður við heilbrigða meltingu með því að hafa losandi áhrif á ristil og getur því reynst þeim vel sem þurfa að koma á hreyfingu í þarmana. Það er einnig þekkt fyrir að hafa góð áhrif á sinadrætti og fótapíring.

Magnesium Glycinate frá New Nordic er sérlega ganglegt til að styðja við heilbrigt svefnmynstur vegna amínósýrunnar glýsín sem stuðlar að betri svefni. Auk þess hefur **Magnesium Glycinate** slakandi áhrif á taugakerfið og getur stuðlað að léttu skapi og betri andlegri heilsu.

Magnesium Malate frá New Nordic er sérstaklega vinsælt meðal íþróttafólks og ekki að ástæðulausu. Það er þekkt fyrir að hafa jákvæð áhrif á orkuvinnslu líkamans, vöðvaþreytu og að styðja við heilbrigði beina. **Magnesium Malate** stuðlar sérstaklega að því að draga úr þreytu og lúa og bæta almennt orkuna.

*FYRIR
MELTINGU*

*FYRIR
SLÖKUN*

*FYRIR
ORKU*



Hönnunarsafn Íslands á ferð og flugi!

Síðustu vikur hefur fræðsluteymi Hönnunarsafns Íslands geta teygð fræðslustarf sitt út fyrir borgarmörkin. Sendiherra safnsins á Suðurlandi, Auður Ösp Guðmundsdóttir, hefur ferðast á milli skóla á svæðinu með nammibar Hönnunarsafnsins, stúffullan af efnivið fyrir smíðjuna Heimurinn heima.

Heimurinn heima er fræðsluverkefni á vegum Hönnunarsafns Íslands þróað af vöruhönnuðinum Auði Ösp Guðmundsdóttur og Kristínu Maríu Sigþórsdóttur. Verkefnið ferðast nú í grunnskóla á Suðurlandi í tengslum við yfirstandandi fastasýningu safnsins, Hönnunarsafnið sem heimili. Í smíðjunni setja nemendur sig í spor hönnuða og vinna í sameiningu að því að innrétta hibiði fyrir ímyndaðan íbúa með sérkennilegan bakgrunn. „Hvernig heimili myndir þú hanna fyrir geimfara með áhuga á kókubakstri sem á þrjár kanínur sem gæluðyr?“ Í smíðjunni kynnst nemendur grunnhugtökum í innanhúshönnun og eiga samtál um heimili. Hver bekkur fær líkan af húsi og aðgang að einskona nammibar fullum af spennandi efnivið sem nýta má í módelgerðina. Nemendur skapa svo í samvinnu heimili fyrir íbúann agnarsmáa, fullbúið húsgögnum í sama skala.



Lögð er áhersla á að nemendur æfi skapandi og lausnamiðaða hugsun og leysi vandamál í sameiningu með gleði og uppfiningasemi að leiðarljósi.

„Upphaflega var smíðja þessi kennd á Hönnunarsafni Íslands og var öllum grunnskólum í Garðabæ boðið. Í framhaldi heimsóttu ýmsir gestaskólar á höfuðborgarsvæðinu safnið og tóku þátt. Því var það okkur sannkallað fagnaðarefni að fá styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og geta nú heimsótt skóla úti á landi og jafna þar með aðgengi skóla sem ekki eru á höfuðborgarsvæðinu að hönnunarsmíðjum safnsins. Suðurlandið varð fyrir valinu að þessu sinni en draumurinn er að heimsækja að lokum alla grunnskóla landsins,“ segir Sigríður Sigurjónsdóttir forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands.

Hönnunarsafns Íslands hefur mikið sótt í sig veðrið á vettvangi fræðslustarfs í kjölfar þess að safnið bætti við sig stöðugildi tileinkuðu fræðslu og miðlun. Sigríður Sunna Reynisdóttir, leikmynda-, leikbrúðu- og búningahönnuður er nú sérfræðingur safnsins í safnfræðslu og er ráðningin hluti af nýrri Hönnunarstefnu og aðgerðaráætlun tengdri henni, en mennta- og menningar-



málaráðuneyti styrkir ráðninguna til þriggja ára.

Frekari upplýsingar um fræðslustarf Hönnunarsafns Íslands má finna á heimasíðu safnsins og samfélagsmiðlum.



Afmæli Bókasafns Garðabæjar



Bókasafn Garðabæjar á Garðatorgi hélt upp á afmælið sitt 18. desember sl. Almar Guðmundsson bæjarstjóri opnaði afmælisviðburðinn með fallegum orðum.

Garðakórinn, kór eldri borgara í Garðabæ undir stjórn Jóhanns Baldvínssonar söng nokkur vel valin jólaög.

Geir H. Haarde las upp úr nýtkominni Ævisögu sinni, sem er í fyrsta sæti á met-sölulistum, svaraði spurningum, spjallaði við gesti og áritaði eintök. Ævisaga Geirs



hefur líka notið mikilla vinsælda hjá lesþyrstum notendum Bókasafns Garðabæjar. Bókasafnið bauð upp á heitt kakó, kaffi, konfekt og smákökur í tilefni dagsins.

Eftir áramót tekur við hefðbundin dagskrá bókasafnsins. Fastir liðir eiga sinn sess eins og Sögur og söngur fyrir 2-6 ára börn, ljósborðin fyrir börnin, leshringir fyrir fullorðna, foreldramorgnar alla fimmtudagsmorgna og fimmtudagsföndur fyrir börnin á Álftanesi.

Fylgist með á vef bókasafnsins bokasafn.gardabaer.is og samfélagsmiðlum.

ÞORRABLÓT

ÁLFTANESI 2025

Laugardaginn 1. febrúar 2025
í íþróttahúsinu á Álftanesi

Húsið opnar kl. 19.00
Borðhald hefst kl. 20.00
Dansleikur kl. 23.00 - 2.00

Listakokkarnir frá Múlakaffi reiða fram þorramat, girnilegar steikur og grænkerkrásir

Hin frábæra danshljómsveit **ELÍTAN** leikur fyrir dansi

Ágóði af þorrablótinu rennur til góðgerðamála Allir velkomnir

Miðasala verður í íþróttahúsinu:
Laugardaginn 18. janúar kl. 12.00-14.00
Sunnudaginn 26. janúar kl. 17.00-18.00
Matur og dansleikur: 14.500 kr.
Dansleikur: 5.000 kr.

Davíð og Stefán syngjandi veislustjórar og engum líkir

Þorrablótíð á Álftanesi
Kvenfélag Álftaness og Lionsklúbbur Álftaness

NÁMSKEIÐ 2025

Hraustir Karlar

Hefst 6. janúar - 5. febrúar (5 vikur)

Stelpur 12 - 15 ára

Hefst 12. jan - 9. maí (16 vikur)

Strákar 12-15 ára

Hefst 13. jan - 9. maí (16 vikur)

Sterkar 40+

Hefst 12. jan - 11. feb (5 vikur)

Dalshrauni 11 | 220 Hafnarfirði | 565 2212

HRESS

Magnesium kemur í mörgum mismunandi formum

Í umræðunni um heilsu og næringu er mikilvægt að muna eftir magnesiumi.

Magnesium er fjórða algengasta efnið í líkamanum og spilar mikilvægt hlutverk í að viðhalda almennu heilbrigði og efla okkur andlega sem og líkamlega. Þetta steinefni tekur þátt í yfir 300 lífefna- og lífeðlisfræðilegum ferlum í líkama okkar og stuðlar meðal annars að eðlilegri starfsemi taugakerfisins, vöðvastarfsemi og próteinmyndun, auk viðhaldi beina og tanna. Magnesium er jafnframt nauðsynlegt steinefni fyrir hjarta- og æðakerfi, alla orkuvinnslu í líkamanum og blóðsykursjafnvægi.

eðlilegum hjartslætti, skjálfta og krampa. Önnur merki geta einnig komið fram í gegnum miðtaugakerfið, þar sem það tengist meðal annars svefnleysi eða eirðarleysi. Magnesium tekur þátt í mörgum mikilvægum ferlum líkamsstarfseminnar og því getur langvarandi vöntun haft viðtæk áhrif á almenna heilsu og vellíðan.

Magnesium stuðlar m.a. að andlegri og líkamlegri slökun

Þegar magnesium er í hæfilegu magni í líkamanum getur það meðal annars hjálpað til við að létta á spennu, bæta svefn og stuðlað að betri andlegri vellíðan. Magnesium hefur róandi áhrif á taugakerfið,

magnesium heldur er það til í ýmsum formum, sem hvert og eitt hefur sína eiginleika og virkni. Magic Magnesium línan frá New Nordic inniheldur þrjár mismunandi tegundir af magnesiumi. Hver tegund hefur sína sérstöku virkni, sem tryggir að allir geti fundið það form af magnesiumi sem hentar þeirra þörfum best.

Magnesium Citrate fyrir meltingu

Magnesium Citrate hentar sérlega vel fyrir þau sem fá sinadrætti og fótapipling vegna róandi og slakandi áhrifa. Það styður einnig við heilbrigða meltingu með því að hafa losandi áhrif á ristilinn og getur því reynst þeim vel sem þurfa að koma á hreyfingu í þarmana.

Magnesium Glycinate fyrir slökun

Magnesium Glycinate er sérlega gagnlegt til að styðja við heilbriggt svefnmynstur og stuðla að betri svefni vegna aminósýrunnar glýsín sem er þekkt fyrir róandi áhrif. Glycinate hefur einnig slakandi áhrif á taugakerfið og getur stuðlað að léttu skapi og betri andlegri heilsu. Þessi tegund af magnesiumi hentar öllum sem eiga erfitt með að ná slökun eða eru að undir miklu álagi og streitu. Glycinate nýtist mjög vel í líkamanum og er milt fyrir magann.

Magnesium Malate fyrir orku

Magnesium Malate hentar öllum sem finna fyrir mikilli þreytu og orkuleysi en það spilar mikilvægt hlutverk í orkuvinnslu líkamans. Malate er einnig þekkt fyrir að hafa jákvæð áhrif á vöðvapreytu og að styðja við heilbrigði beina. Magnesium Malate stuðlar sérstaklega að því að draga úr þreytu og lúu og bæta almennt orkuna.

Magnesium er ekki bara magnesium

Magnesium hefur fjölpætt áhrif á líkamsstarfsemina en magnesium er ekki bara



Magnesium getur haft mikil áhrif á almenna heilsu og vellíðan

Margir hverjir hafa aukna þörf á magnesiumi nú til dags og er það að hluta til vegna nútíma mataræðis. Vaxandi neysla á unnum matvælum, sem eru oft næringarsnauð, gerir það að verkum að fólk fær ekki nægilegt magn af magnesiumi úr fæðunni. Jafnframt hefur jarðvegseyðing leitt til þess að minna magnesium er að finna í ávöxtum og grænmeti en áður. Þegar að við fáum ekki nóg magnesium getur vöntunin sýnt sig í ýmsum kvillum svo sem

sem getur dregið úr streitu og stuðlað að slökun. Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir svefninn en með því að hjálpa líkamanum með slökun getur magnesium bætt gæði svefns og dregið úr svefntruflunum. Magnesium hefur einnig mikilvæg áhrif á vöðvaslökun, sem getur minnkað líkur á vöðvkrömpum og fótapipling.

Útgjaldaauki upp á 415.000.000 kr.

Bæjarráð Garðabæjar samþykkti á síðasta fundi sínum að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja eftirfarandi viðauka nr. 3 við fjárhagsáætlun 2024, en í honum er gert ráð fyrir auknum útgjöldum upp á 415.000.000 kr. og er langstærsti útgjaldaliðurinn vegna samkomulags um afturvirkar launahækkningar til kennara upp á 301.000.000 kr.

Viðauki 3

7 nemendur bæst við í Alþjóðaskólann

Viðbótartframlag vegna fjölgunar nemenda í Alþjóðaskólann umfram fjárhagsáætlun. Alls hafa 7 nemendur bæst við.

Rekstrarframlag 18.000.000

Aukinn kostnaður vegna gjaldfrjálsra máltíða í grunnskólum

Vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða fellur aukinn kostnaður á Garðabæ sem nemur um 32 m.kr. Þegar tekið hefur verið tillit til 91 m.kr. framlags frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Viðbótarkostnaður vegna skólamáts í grunnskólum

Endurgreiðsla Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga -91.000.000

Viðbótarkostnaður Garðabæjar 32.000.000

Sumarátak vegna vinnu ungs fólks

Vegna fleiri umsókna um sumarstörf hjá Garðabæ en áætlun gerði ráð fyrir þarf að bæta við 20 m.kr.

Sumarstörf ungmenna 20.000.000

Nýtt vaktafyrirkomulag í sundlaugum/íþróttahúsum

Í byrjun árs 2024 var tekið upp nýtt vaktafyrirkomulag í Ásgarði og á Álfanesi vegna styttingar vinnutíma. Kostnaður er umfram áætlun. Þá hafa verið meiri skammtíma- og langtímaveikindi en gert var ráð fyrir.

Íþróttamiðstöðin Ásgarði 15.000.000
Íþróttamiðstöðin Álfanesi 25.000.000
Samtals 40.000.000

Forseta- og alþingiskosningar á árinu 2024

Kostnaður við framkvæmd kosninga er um 4 m.kr. meiri en sem nemur framlagi ríkisins.

Kosningar 4.000.000

Samkomulag um greiðslur til kennara og frestun verkfalla

Gengið hefur verið frá samkomulagi við kennara um launahækkningar afturvirkir frá júní 2024 til samræmis við hækkningar launa skv. þeim langtímasamningum sem gerðir hafa verið á vinnumarkaðnum á árinu.

Grunnskólar 136.000.000

Leikskólar 98.000.000

Tónlistarskóli 20.000.000

Einkareknir leik- og grunnskólar 47.000.000

Samtals 301.000.000

Samtals útgjaldaauki 415.000.000

Fjármögnun viðauka

Staðgreiðsla útsvars -187.000.000

Varasjóður -228.000.000

Samtals -415.000.000

Félagsstarf eldri borgara í Garðabæ vor 2025

Skráning í íþróttir og námskeið fer fram í gegnum Abler og í Jónshúsi



Stundaskrá félagsstarfs í Jónshúsi

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
8.30 Pool-hópur	8.30 Pool-hópur	8.30 Pool-hópur	8.30 Pool-hópur	8.30 Pool-hópur
10.00 Gönguhópur	10.00 Gönguhópur	10.00 Gönguhópur	10.00 Gönguhópur	10.00 Gönguhópur
		10.30 Scrabble		11.00 Samsöngur (1. og 3. föstud. í mán)
12.00 -15.40 Bridds		12.00 -15.40 Bridds		13.00-15.00 Félagsvist
			13.00 Fyrirlestrar (mánaðarl.)	
			13.00 Handavinnuhorn	
10.30-15.40 Kaffiveitingar	10.30-16.40 Kaffiveitingar	10.30-15.40 Kaffiveitingar	10.30-16.40 Kaffiveitingar	10.30-15.40 Kaffiveitingar

Stundaskrá námskeiða í Smiðju, Kirkjuholli

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
	9.00-12.00 Trésmíði	9.00-12.00 Postulínskálun	9.00-12.00 Listmálun	10.00-12.00 Leðurhópur
	13.00-16.00 Trésmíði	13.00-16.00 Leirlist	13.00-16.00 Listmálun	13.00-16.00 Föstudagskaffi
Kennarar í Smiðju	Leirlist: Ingibjörg Ása Gunnarsdóttir, Trésmíði: Sigmundur V. Kjartansson, Listmálun: Loftur Ó. Leifsson			
	Postulínskálun: Fanney Gísladóttir			

Stundaskrá íþróttastarfs FEBG

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
	7.30 Morgunvatnsleikf. Sjálandssk.		7.30 Morgunvatnsleikf. Sjálandssk.	
	9.00 QJ-Gong í Sjálandssk.			9.00 Dansleikfimi í Sjálandssk.
10.00 Ganga frá Jónshúsi	10.00 Ganga frá Jónshúsi	10.00 Ganga frá Jónshúsi	10.00 Ganga frá Jónshúsi	10.00 Ganga frá Jónshúsi
11.00 Stóla-jóga í Kirkjuhv.	11.00 Stóla-jóga í Sjálandssk.	11.00 Stóla-jóga Kirkjuhv.	10.00 Qi-Gong í Sjálandssk.	
12.00 Leikfimi í Ásgarði	11.15 Boccia í Ásgarði	12.00 Leikfimi í Ásgarði	11.00 Stóla-jóga í Sjálandssk.	
			11.15 Boccia í Ásgarði	
15.00 Vatnsleikfimi í Sjálandssk.	13:00 Línudans hópur 1 Kirkjuhv.	15.00 Vatnsleikfimi í Sjálandssk.		
15.40 Vatnsleikfimi í Sjálandssk.	14:15 Línudans hópur 2 Kirkjuhv.	15.40 Vatnsleikfimi í Sjálandssk.		
16.20 Vatnsleikfimi í Sjálandssk.		16.20 Vatnsleikfimi í Sjálandssk.		
16.30 Zumba Gold í Kirkjuholli		16.30 Zumba Gold í Kirkjuholli		

Kennarar á vegum FEBG

Zumba Gold: Hjördís B. Zebitz
Leikfimi: Saga Kj. Finnbogadóttir

Stólajóga: Kristín B. Hallbjörnsd.
Línudans: Anna Alfreðsdóttir

Dansleikf.: Auður Harpa Andrésd.
Sögulestur: Tilkynnt síðar

Qi-Gong: Ástbjörn Egilsson
Morgunvatns. Guðrún S. Pálsd.

Vatnsleikfimi: Gunnur Róbertsdóttir,
Carólín Guðbjartsdóttir

KOMDU Í
KARATE
FRÍR GALLI FYRIR BYRJENDUR

KARATESKÓLI
FYRIR BÖRN
FÆDD 2020



FRÍR PRUFUTÍMI

FRÍSTUNDASTYRKIR
SVEITAFÉLAGA GANGA
UPP Í ÆFINGAGJÖLD

Byrjendanámskeið fyrir börn, unglunga og fullorðna
Byrjenda- og framhaldsnámskeið fyrir börn, unglunga og fullorðna
Frábær líkamsrækt, styrkur, agi og skemmtun!

Skráning á breidablik.is
allar upplýsingar á Facebooksíðu deildarinnar

KARATEDEILD BREIÐABLIKS

Sendið okkur póst á karate@breidablik.is til að fá frekari upplýsingar





STJÖRNUSTUÐ

Á ÞORRABLÓTI ÁRSINS

24. JANÚAR 2025

VEISLUSTJÓRAR: AUDDI OG STEINDI

SIGGA BEINTEINS • BANDMENN • FEÐGARNIR

Miðaverð 16.900 kr.

Miðasala hefst 3. janúar á Dúllubar
kl. 08:30



Garðbæingurinn Guðný Dís Jónsdóttir er keppnisknapi Spretts árið 2024

Sameiginleg uppskeruhátíð hestamannafélaganna Spretts og Fáks fór fram fyrir áramót. Góð mæting var á hátíðina og umgjörð öll sú glæsilegasta.

Verðlaunaðir voru knapar í ungmenna- og fullorðinsflokki sem þóttu skara fram úr á árinu. Þá var útnefndur keppnisknapi Spretts sem er valinn úr hópi þeirra sem skarað hafa fram úr. Auk þess var Sverrir Einarsson fyrrum formaður Spretts heiðraður fyrir óeigingjamt starf fyrir Spretta sem og fyrir það að koma á öflugum og árangursríku samstarfi sem var með Hestamannafélaginu Fáki nú í sumar um Landsmótið 2024 sem haldið var í Reykjavík.

Eftirfarandi knapar í Hestamannafélaginu Spretti voru verðlaunaðir fyrir framúrskarandi árangur á árinu:

Guðný Dís Jónsdóttir fyrir framúrskarandi árangur í ungmennaflokki 2024

Sigurður Baldur Ríkharrósson fyrir framúrskarandi árangur í ungmennaflokki 2024

Auður Stefánsdóttir fyrir framúrskarandi árangur í áhugamannaflokki 2024

Hermann Arason fyrir framúrskarandi árangur í áhugamannaflokki 2024



Verðlaunarhafar Spretts! F.v. Jónína Vilhjálmisdóttir, formaður Spretts, Guðný, Auður, Valdís Björk, Jóhann Kristinn, Hermann og Þórunn Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Spretts



Ammi mætti! F.v. Kristín Sveinbjarnardóttir frá Hofsstöðum í Garðabæ með barnabörnum sínum, systrunum Guðnýju Dís og Elvu Rún Jónsdætrum

Valdís Björk Guðmundsdóttir fyrir framúrskarandi árangur í atvinnumannaflokki 2024


Jóhann Kristinn Ragnarsson fyrir framúrskarandi árangur í atvinnumannaflokki 2024

Guðný Dís Jónsdóttir er keppnisknapi Spretts 2024. Guðný hefur náð eftirtektafærðum árangri á keppnisvöllinum og sýnt fram á fjölbætt árangur í mismunandi greinum hesatmennskunnar. Guðný var einnig ein af fimm knöpum sem tilnefnd voru til efnilegasta knapa ársins 2024 af Landssambandi hestamannafélaga.



Guðný Dís Jónsdóttir er keppnisknapi Spretts 2024

LÁTTU OKKUR SJÁ UM HEIMILISÞVOTTINN ÞINN



Sendum Garðbæingum og viðskiptavinum okkar hátíðar- og nýárskveðju með von um gott og farsælt ár

Straumvirki ehf
Suðurhrauni 2a
210 Garðabæ
Sími 564 3640

METAL
Suðurhraun 12b
210 Garðabæ
www.metal.is
Sími 545 4600

NÝMÓT
BYGGINGAVERKTAKAR

Endurskoðun
& ráðgjöf ehf.
Garðatorgi 7 • 212 Garðabæ
Sími 544 8989 • cpa@cpa.is • www.cpa.is

Hröð og vönduð þjónusta.
Persónuleg þjónusta og hagstætt verð.

OPNUNARTÍMI EFNALAUĞAR GARĐABÆJAR
MÁN - FÖS: 8-18 • LAU: lokað



EFNALAUĞ GARĐABÆJAR | GARĐATORGI 3 | GARĐABÆ | SÍMI 565 6680



Hengið dagskrána upp á ísskáp og setjið í dagbókina

Nýr menningardagskrárbæklingur kominn út · Dreift í hús í janúar

Nýr bæklingur með menningardagskrá fyrir vetur og vor 2025 er kominn úr prentun. Dagskráin er stúf full af skemmtilegum viðburðum fyrir Garðabæinga á öllum aldri. Bæklinginn er hægt að nálgast á bókasafni Garðabæjar, á Hönnunarsafni Íslands á Garðatorgi og í þjónustuveri Garðabæjar. Hann verður svo borinn í hús í janúar.

Ólöf Breiðfjörð menningarfulltrúi sagði okkur aðeins frá vorönninni sem framundan er. „Dagskráin einkennist af innihaldsríkum viðburðum fyrst og fremst. Við bjóðum aðeins upp á metnaðarfulla dagskrá hvort sem er fyrir yngstu kynslóðina eða þá eldri,“ segir Ólöf.

En hverju er hún spennust fyrir? „Ég elska auðvitað að fá fjölskyldur til að skapa saman hvort sem er á Bókasafni Garðabæjar eða í Hönnunarsafni Íslands. Árið byrjar mjög vel t.d. á bókasafninu en þann 18. janúar verður pöddusmiðja sem Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir leiðir en hún er myndhöfundur bókarinnar Stórkostlega sumarnámskeiðið sem kom út í haust. Í Hönnunarsafninu geta fjölskyldur svo til dæmis skapað eitthvað flott úr keramik með Hönnu Dís Whitehead hönnuði en sú smíðja fer fram 6. apríl.

Af viðburðum sem eru fremur ætlaðir fullorðnum eingöngu er ég spennst fyrir Tónlistarmæringu á vorönn en tónleikarnir eru fyrsta miðvikudag í mánuði í hádeginu og við fáum frábæra tónlistarmenn til liðs við okkur en eitt af því mest spennandi er frumflutningur á verkum eftir John Speight sem verður 5. febrúar.

Bókasafnið er svo alltaf með puttann á púlsinum og í mars verður áhersla á málefni líðandi stundar alla fimmtudaga frá kl. 19. Það verður spennandi að sjá hvernig dagskráin verður en það er ekkert búið að ákveða enda vitum við ekki hvað mun brenna á fólki í mars!

Hönnunarsafnið er svo með fyrirlestra og sýningaropnanir og þar ætla ég að nefna sýninguna Fallegustu bækur í heimi sem er orðinn árlegur viðburður hjá okkur en að þessi sinni mun Jana Liebe, svissneskur hönnuður sem er höfundur bókarinnar sem vann titilinn á síðasta ári verða með námskeið og fyrirlestur hjá okkur í lok janúar. Ég er búin að sjá bókina og hún er alveg rosalega skemmtileg!“



Eru einhverjar nýjungar á döfinni? „Já, það verður mjög gaman að fylgjast með splunkunýjum viðburðum í Hönnunarsafni Íslands sem nefnist Hádegisshittingur með hönnuði. Við fáum til liðs við okkur flotta hönnuði þriðja miðvikudag í mánuði og áhugasömum er boðið að fræðast um hvað þessir hönnuðir eru að vinna að eða hafa unnið að. Meðal hönnuða er til dæmis Hringur Hafsteinsson sem mun segja frá vinnunni við hönnun á Minjagarðinum á Hofsstöðum og ungan grafískan hönnuð, Unu Maríu Magnúsdóttur, sem hefur nýlitið við að skrá ævistarf grafíska hönnuðarins Gísla B. Björnssonar sem fékk heiðursverðlauna Hönnunarverðlauna

Íslands í lok árs. Það verður boðið uppá notalega stund með kaffisopa og kleinum og vonandi mælist þetta vel fyrir.“

Bæjarlistamaðurinn Hans Jóhannssonar kemur einnig við sögu í bæklingnum. „Það er alveg frábært að Hans var



tilbúinn til að vera t.d. með kynningu fyrir fjölskyldur í Hönnunarsafninu og þar geta áhugasamir krakkar með foreldrum eða öðrum forráðamönnum fengið innsýn inni starf fiðlugerðarmeistarara. Hans er algjör snillingur og einn af bestu fiðlugerðarmeisturum heims í dag þannig þetta er frábært tækifæri fyrir samfélagið í Garðabæ. Hans ætlar svo líka að segja frá hönnun á „skrítnum“ hljóðfærum sem hann hefur hannað að smíðað á fyrirlestri og svo mun strengjarkvartett leika á hljóðfærin hans á einni Tónlistarmæringunni.“

Hátíðum á vorönn er einnig gert góð skil í bæklingi en Safnanótt er fyrsta

Hans Jóhannesson bæjarlistamaður Garðabæjar til hægri ásamt Manfreði Vilhálmsyni arkítiekt



Ólöf Breiðfjörð

hátíðin og fer fram föstudaginn 7. febrúar, þá er það Barnamenningarhátíð í Garðabæ dagana 7. – 12. apríl að ógleymdu Jazzþorpínu sem stendur yfir 2-4. maí á Garðatorgi. „Ég hvet fólki til að fylgjast með, hengi dagskrána upp á ísskáp og setji í dagbókina það sem það vill alls ekki missa af,“ segir Ólöf.

Listnámskeið í Smíðju

Vorönn 2025

Kennarar:



Fanney Gísladóttir, postulínsmálun



Ingibjörg Á. Gunnarsdóttir, leirlist



Loftur Ó. Leifsson, málun



Sigmundur V. Kjartansson, smíði



Listnámskeið í Smíðjunni, Kirkjuholli hefst í 2. og 3. viku janúar og boðið verður upp á námskeið í listmálun, smíði, leirlist og postulínsmálun. Reyndir og góðir kennarar annast kennsluna en hvert námskeið stendur yfir í 12 vikur og kostar kr. 9.900. Önninni lýkur svo með hinni margrómuðu Vorsýningu Jónshúss dagana 8.-10. maí, þar sem afrakstur vorannar verður sýndur.

Skráning fer fram í Abler og í Jónshúsi. Hvetjum alla áhugasama til að skrá sig.



MENNING Í GARÐABÆ

DAGSKRÁ

JANÚAR

BÓKASAFN GARÐABÆJAR

Foreldramorgnar

Laugardagur 4.janúar
kl.11.15

SÖGUR OG SÖNGUR

Póranna Gunný syngur og segir sögur fyrir 2-6 ára börn.

Fimmtudagur 9.janúar
kl.10–12

SKYNNUNARSMIÐJA

Foreldramorgunn. Plánetan býður litlum krílum í skynjunarupplifun.

Fimmtudagur 23.janúar
kl.10.30

BRJÓSTAGJAFARÁÐGJÖF

Foreldramorgunn með þrautreyndum ljósmæðrum og brjóstagjafaráðgjöfum.

Viðburðir

Laugardagur 11.janúar
kl.13

LEIRUM SAMAN

Búum til furðuverur eða kisur!

Laugardagur 18.janúar
kl.13

PÖDDUSMIÐJA

Pöddusmiðja með Sólrúnu Ylfu Ingimarsdóttur myndhöfundu bókarinnar Stórkostlega sumarnámskeiðið.

Tónleikar

TÓNLISTAR- NÆRING

Miðvikudagur 8.janúar
kl.12.15 Tónlistarskóli Garðabæjar

ÍRIS BJÖRK

GUNNARS-

DÓTTIR sópran,

&

MATTHILDUR

ANNA

GÍSLADÓTTIR píanó

Ókeypis tónleikar á vegum menningar- og safnanefndar Garðabæjar í samstarfi við Tónlistarskóla Garðabæjar.

HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS

Sýningar

Fastasýning

HÖNNUNARSAFNIÐ SEM HEIMILI

Sýning á gripum úr safneign safnsins sem sett er upp sem grunnmynd af heimili og rétt eins og á heimilum fólks eru hlutir fengnir héðan og þaðan.

Pallurinn
23.janúar – 23.mars

FALLEGUSTU

BÆKUR Í HEIMI 2024

FÍT í samstarfi við Hönnunarsafnið stendur fyrir sýningunni. Stiftung Buchkunst, þýsk samtök tileinkuð bókahönnun, hafa frá árinu 1963 veitt verðlaun fyrir bókahönnun víðsvegar um heiminn.

Safnið á röngunni
16.janúar – 18.mái

UNNDÓR EGILL

JÓNSSON

Húsgögn úr tré þar sem náttúrulegum og manngerðum formum er teflt saman. Sýningin er liður í Hönnunarsafnið Mars.

Vinnustofudvöl
16.janúar – 27.apríl

ÞÓRUNN ÁRNADÓTTIR

Þórunn Árnadóttir vöruhönnuður sem er þekkt fyrir Pyropet kertin og Sasa klukkuna en verk hennar eru drifin áfram af forvitni, tilraunagleði og áhuga á hefðum, efnum og aðferðum.

Viðburðir

Sunnudagur 12.janúar
kl.13

DRAUMASUNDLAUG

Unnar Ari Baldvinsson leiðir fjölskyldusmiðju sem tengist verkefni hans Sundform.

Fimmtudagur 23.janúar
kl.17

FALLEGUSTU

BÆKUR Í HEIMI

Opnun á sýningunni Fallegustu bækur í heimi.

Föstudagur 24.janúar
kl.17–19

BÓKAGERÐ

Námskeið í bókagerð með grafíska hönnuðinum Jana Liebe sem hlaut verðlaunin Fallegasta bók í heimi 2024.

Sunnudagur 26.janúar
kl.13

JANA LIEBE –

FYRIRLESTUR

Fyrirlestur hönnuðar fallegustu bókar í heimi 2024, Jönu Liebe.

MINJA- GARÐURINN Á HOFSTÖÐUM

við Kirkjulund

Skyggnist inn í fortíðina og upplifið lífið í landnámsskálunum með aðstoð margmiðlunarsjónauka. Ný sýning sem byggir á fornleifarannsóknunum á staðnum.

AFTUR TIL HOFSTAÐA

Garðatorgi 7

Margmiðlunarsýning sem spannar sögu Garðabæjar frá upphafi landnáms til okkar daga.

